



STÆKKUN SEYÐISFJARÐARHAFNAR

Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu

20.01.2023



SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

100319-SKY-001-V01

SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

01 / 26

VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUPA

Sigurður Jónsson

VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Snævarr Örn Georgsson

LYKILORÐ

Seyðisfjörður, hafnarframkvæmdir, sjóvarnir, landfylling, efnistaka, matsskyldufyrirspurn, mat á umhverfisáhrifum

STAÐA SKÝRSLU

- Í vinnslu
 Drög til yfirlestrar
 Lokið

DREIFING

- Opin
 Dreifing með leyfi verkkaupa
 Trúnaðarmál

TITILL SKÝRSLU

Stækkun Seyðisfjarðarhafnar
Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu.

VERKHEITI

MÁU stækkun á Seyðisfjarðarhöfn

VERKKAUPI

Múlþing

HÖFUNDUR

Snævarr Örn Georgsson

ÚTDRÁTTUR

Múlþing áformar stækkun Seyðisfjarðarhafnar sem felur í sér nýjan 280 m viðlegukant og breytingu á smábátahöfninni. Heildarefnisþörf framkvæmdarinnar er 149.000 m³ sem munu fást úr Fjarðarheiðargöngum.

Greinargerð þessi er send inn til Skipulagsstofnunar með fyrirspurn um matsskyldu. Farið er yfir eðli og þætti framkvæmdanna, samræmi við skipulag og helstu umhverfisáhrifum lýst.

ÚTGÁFUSAGA

HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
Snævarr Örn Georgsson	6.12.2022	Kamma Dögg Gísladóttir Sigurður Jónsson	6.12.2022 19.12.2022	Snævarr Örn Georgsson	21.12.2022

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	9
1.1	Mat á umhverfisáhrifum	9
1.2	Upplýsingar um framkvæmdaraðila.	10
2	UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMDINA	11
2.1	Staðhættir	11
2.2	Nýr viðlegukantur og smábátahöfn	12
2.3	Efnisþörf	13
2.4	Náttúruvá	13
2.5	Leyfi sem framkvæmdin er háð	16
3	SKIPULAG	17
3.1	Aðalskipulag	17
3.2	Deiliskipulag	17
4	HELSTU UMHVERFISÁHRIF FRAMKVÆMDARINNAR	18
4.1	Gróður	18
4.1.1	Niðurstaða	19
4.2	Fuglalíf	19
4.2.1	Niðurstaða	19
4.3	Jarðminjar	19
4.3.1	Niðurstaða	19
4.4	Hafstraumar	19
4.4.1	Niðurstaða	20
4.5	Botndýralíf og lífríki sjávar	20
4.5.1	Niðurstaða	21
4.6	Landslag og ásýnd	21
4.6.1	Niðurstaða	22
4.7	Fornminjar	22
4.7.1	Niðurstaða	22
4.8	Samfélag	22
4.8.1	Niðurstaða	24
5	LOKAORÐ	25
6	HEIMILDASKRÁ	26

MYNDASKRÁ

MYND 1.1	Yfirlitsmynd sem sýnir staðsetningu framkvæmdasvæðis á Seyðisfirði. _____	9
MYND 2.1	Staðsetning framkvæmdasvæðisins á Seyðisfirði. _____	11
MYND 2.2	Mynd frá 2018 sýnir að svæðið hefur verið nýtt sem jarðefnageymsla frá því vel fyrir skriðuföllin í desember 2020. _____	12
MYND 2.3	Fyrirhugaður nýr viðlegukantur og smábátahöfn. _____	12
MYND 2.4	Útlínur skriða sem að féllu í desember 2020. Mynd: Veðurstofa Íslands [3] _____	14
MYND 2.5	Efri myndin sýnir hættusvæði skv. ofanflóðahættumatinu sem var samþykkt í mars 2020, en sú neðri sýnir endurskoðuð hættusvæði á áhrifasvæði stærstu skriðunnar og er frá því í mars 2021. _____	15
MYND 3.1	Sá hluti deiliskipulags hafnarsvæðisins á Seyðisfirði sem þarf að breyta. _____	17
MYND 4.1	Mynd frá haustinu 2021 sem sýnir framkvæmdasvæðið. _____	18
MYND 4.2	Nýr viðlegukantur mun ekki skaga út í fjörðinn eða hefta sjávarstrauma við botn fjarðarins. Sjá einnig myndir 1.1 og 2.1. _____	20
MYND 4.3	Grugg á framkvæmdasvæðinu í kjölfar skriða í desember 2020. Búist er við mun minna gruggi og mun minni útbreiðslu við framkvæmdirnar. Mynd: island.is _____	21
MYND 4.4	Núverandi viðlegukantur er of lítill fyrir stærstu skipin sem heimsækja Seyðisfjörð. Mynd: Seyðisfjarðarhöfn. _____	23
MYND 4.5	Tvö skemmtiferðaskip ásamt Norrænu. Með nýja viðlegukantinum gætu bæði skemmtiferðaskipin lagst upp að bryggju. Mynd: Seyðisfjarðarhöfn. _____	23

1 INNGANGUR

Múlaping, í samstarfi við Vegagerðina, áformar að stækka Seyðisfjarðarhöfn. Heimsóknunum skemmtiferðaskipa fjölgar á hverju ári og til að geta tekið á móti skipum á sama tíma og Norræna er í höfn er nauðsynlegt að lengja núverandi viðlegukant. Aðstæður í smábátahöfninni verða sömuleiðis bættar til muna og mun geta hafnarinnar til að taka á móti fjölbreyttari bátum aukast. Búðará verður leidd í stökk undir nýja viðlegukantinn.

Framkvæmdin felur í sér nýjan 280 m stálþilsviðlegukant og verður smábátahöfnin innan við hann. Heildarefnisþörf framkvæmdarinnar er um 149.000 m³ og er framkvæmdasvæðið um 3 ha. Efni úr Fjarðarheiðargöngum verður nýtt í framkvæmdina.

Áður en lengra er haldið með undirbúning óskar Múlaping hér með eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um það hvort lýst framkvæmd sé matsskyld skv. lögum um umhverfismat framkvæmda nr. 111/2021.



MYND 1.1 Yfirlitsmynd sem sýnir staðsetningu framkvæmdasvæðis á Seyðisfirði.

1.1 Mat á umhverfisáhrifum

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu, skv. tl. 10.10 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 111/2021, þar sem um er að ræða hafnarframkvæmdir sem falla ekki undir lið 10.9.

Múlaping hefur falið EFLU verkfræðistofu að undirbúa greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar.

1.2 Upplýsingar um framkvæmdaraðila.

Múlaping er nýtt sameinað sveitarfélag sem varð til við sameiningu fjögurra minni sveitarfélaga á Austurlandi; Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar. Við sameiningu varð til víðfeðmasta sveitarfélag landsins, um 10.671 km² að flatarmáli sem er rúm 10% af flatarmáli Íslands. Framkvæmdin eru unnin í samstarfi með Vegagerðinni.

2 UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMDINA

2.1 Staðhættir

Framkvæmdasvæðið er við Hafnargötu á Seyðisfirði þar sem Búðará rennur til sjávar. Svæðið er nánast beint undir skriðusári stærstu skriðunnar sem féll í desember 2020. Skriðan náði þó ekki yfir framkvæmdasvæðið. Búðará skiptir framkvæmdasvæðinu nokkurn veginn í tvennt þar sem hún rennur í manngerðum farvegi. Innan við ána er autt svæði sem hefur verið nýtt til haugsetningar á jarðefnum, en utan við hana er sjóvarnargarður og smábátahöfn.



MYND 2.1 Staðsetning framkvæmdasvæðisins á Seyðisfirði.



MYND 2.2 Mynd frá 2018 sýnir að svæðið hefur verið nýtt sem jarðefnageymsla frá því vel fyrir skriðuföllin í desember 2020.

2.2 Nýr viðlegukantur og smábátahöfn

Núverandi viðlegukantur verður framlengdur um 200 m og utar kemur svo annar 80 m viðlegukantur með sveigri í átt að landi til að skýla smábátahöfninni. Dýpi við báða þessa viðlegukanta verður 10 m. Á innanverðan ytri kantinn kemur svo 49 m viðlegukantur þar sem dýpi verður 6 m. Þar fyrir innan verður smábátahöfn við flotbryggju þar sem pláss verður fyrir 20 - 24 hefðbundna strandveiðibáta (6 – 12 m, max 10 BT) og 6-8 skútur eða stærri skemmtibáta (12 – 20 m). Dýpið í smábátahöfninni verður um 2,5 m og verður það jafnað út með því að hliðra til efni á hafsbotni, ekki verður fjarlægt neitt efni af hafsbotni.



MYND 2.3 Fyrirhugaður nýr viðlegukantur og smábátahöfn.

Framkvæmdartími er háður efnisflutningum úr Fjarðarheiðargöngum og þ.a.l. afköstum við gangnagerð, en reikna má með að framkvæmdin verði unnin í einum áfanga sem að taki um 24 mánuði.

2.3 Efnispörf

Við gerð nýja viðlegukantsins myndast töluverð efnispörf, jafnframt þarf að fylla upp í gömlu smábátahöfnina að mestu leyti. Sökum þess hve aðdjúpt er þarf einnig að fylla aðeins framan við viðlegukantinn svo að stálþilið fáið nógu góða festu. Efnispörf skiptist upp á eftirfarandi hátt:

- Landfylling bakvið þil: 135.000 m³
- Sjófylling fyrir framan stálþil: 14.000 m³

Samtals er efnispörf um 149.000 m³. Allt efnið mun fást við gerð Fjarðarheiðarganga. Við gerð ganganna mun falla til mikið af umframefni sem þarf að finna nýtingu fyrir og er tilvalið að nýta það m.a. í hafnarframkvæmdir á Seyðisfirði. Dæmi um sambærilega nýtingu á efni var þegar efni úr Vaðlaheiðargöngum var nýtt í landfyllingu undir nýtt flughlað á Akureyrarflugvelli.

Grjót í núverandi grjótvarnargarði verða að fullu endurnýtt í nýja grjótörn, en það er ekki nóg og til viðbótar við þarf um 2.000 m³ af grjóti, allt frá smágrýti upp í 3-4 tonna grjót. Ef slíkt efni fæst ekki við gerð Fjarðarheiðarganga verður það sótt í Skaganámu rétt innan við þéttbýlið, en þar er gert ráð fyrir efnistöku á allt að 350.000 m³ af efni. Skipulagsstofnun úrskurðaði þann 19. desember 2022 að sú efnistaka væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.


Efnisflutningar fara í gegnum þéttbýlið en það er eingöngu tímabundið á meðan framkvæmd stendur. Ekið verður frá Seyðisfjarðargöngum til Seyðisfjarðar eftir Þjóðvegi 93 og svo beygt inn á Austurveg sem verður að Hafnargötu. Í umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga kemur fram að gert sé ráð fyrir að bílar keyri með efni úr göngunum um 30 ferðir á dag [1]. Það efni verður svo flutt áfram og sé miðað við venjulegan 8 tíma vinnudag gera það um 3-4 ferðir á klukkutíma, en færri ferðir ef vinnudagar eru lengri eins og algengt er við stærri framkvæmdir. Búast má við því að samfélagið á Seyðisfirði sýni flutningunum skilning sökum þess að þeir verði einungis tímabundnir og nauðsynlegir til að bæta hafnaraðstöðu sem verður samfélaginu til bóta.

Ef Fjarðarheiðargöng verða ekki að veruleika verður efni fengið úr Skaganámu og mögulega úr námunni í Stafdal. Samanlögð heimil efnistaka úr námunum tveim er 395.000 m³ og hafa báðar námurnar farið í gegnum matskyldufyrirspurnarferli sem lauk með því að Skipulagsstofnun ákvarðaði að hvorug náman þyrfti í fullt umhverfismat. Báðar námur eru við Þjóðveg 93 svo efnisflutningar færu sömu leið.

2.4 Náttúruvá

Í desember 2020 urðu skriðuföll á Seyðisfirði í kjölfar mikilla rigninga og átti stærsta skriðan upptök sín fyrir ofan smábátahöfnina. Skriðan náði ekki á framkvæmdasvæðið en fór mjög nálægt því, og mikill aurburður barst til sjávar um árfarveg Búðarár.

Ofanflóðahættumat fyrir Seyðisfjörð var samþykkt þann 17. mars 2020 [1], en í kjölfarið á skriðuföllunum í desember sama ár var ráðist í endurskoðun á því hættumati. Sú vinna stendur enn yfir en þó er búið að uppfæra hættusvæði á áhrifasvæði stærstu skriðunnar, og nær sú endurskoðun yfir hluta framkvæmdasvæðisins [2].





MYND 2.4 Útlínur skriða sem að féllu í desember 2020. Mynd: Veðurstofa Íslands [3]

Hættusvæðin eru skilgreind á eftirfarandi hátt [1]:

- Hættusvæði A: Heimilt er að reisa nýtt íbúðar- og atvinnuhúsnæði án sérstakra styrkinga nema hvað styrkja þarf hús þar sem búist er við miklum mannsöfnuði (svo sem fjölbýlishús, skóla, sjúkrahús) og íbúðarhús með fleiri en fjórum íbúðum.
- Hættusvæði B: Atvinnuhúsnæði má byggja án sérstakra styrkinga. Byggja má íbúðarhús og byggja við hús þar sem búist er við miklum mannsöfnuði (svo sem fjölbýlishús, sjúkrahús, skóla) með sérstökum styrkingum.
- Hættusvæði C: Engar nýbyggingar nema frístundahús og húsnæði þar sem viðvera er lítil.

Skv. uppfærða hættumatinu verður nýi viðlegukanturinn á svæði A eða utan hættusvæða. Smábátahöfnin lendir að mestu á svæði B [4]. Við hönnun og staðarval mannvirkja við höfnina verður farið eftir því hættumati sem er í gildi hverju sinni.



MYND 2.5 Efri myndin sýnir hættusvæði skv. ofanflóðahættumatinu sem var samþykkt í mars 2020, en sú neðri sýnir endurskoðuð hættusvæði á áhrifasvæði stærstu skriðunnar og er frá því í mars 2021.

2.5 Leyfi sem framkvæmdin er háð

Framkvæmdin er háð eftirtöldum leyfisveitingum:

- Sveitarfélög veita framkvæmdaleyfi fyrir öllum meiri háttar framkvæmdum innan þeirra skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

3 SKIPULAG

3.1 Aðalskipulag

Ekki er búið að gera nýtt aðalskipulag fyrir Múlaþing og því er enn í gildi aðalskipulag Seyðisfjarðar 2010-2030 sem var samþykkt í desember 2010 [5]. Í greinargerð aðalskipulagsins segir að það sé leiðarljós sveitarfélagsins að „skapa umhverfi fyrir byggð sem getur þróast og eflst með því að nýta á sjálfbæran hátt gæði lands og sjávar í sátt við náttúruna“. Markmið aðalskipulagsins er svo m.a. að „nýta uppbyggingarmöguleika í fullu samræmi við landslag, staðhætti og náttúrufar“ og „skapa möguleika fyrir fjölbreyttari atvinnu“.

Í kafla 3.A sem fjallar um umferðarmál og samgöngur er fyrsta markmið aðalskipulagsins „Bættar samgöngur á landi og bætt aðstaða til móttöku ferðamanna sem koma til Seyðisfjarðar með bílferju og skemmtiferðaskipum.“

Framkvæmdin er því í samræmi við stefnur og markmið gildandi aðalskipulags á Seyðisfirði. Breyta þarf aðalskipulagsuppdrætti vegna framkvæmdarinnar og er vinna við það hafin hjá sveitarfélaginu.

3.2 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi á stærstum hluta fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis en sveitarfélagið hefur hafið vinnu við nýtt deiliskipulag. Innsti hluti svæðisins er innan deiliskipulagsmarka núverandi hafnarsvæðis og er skilgreindur sem „óbyggt geymslusvæði fyrir hafnarstarfsemi“. Næst Hafnargötu er skilgreint svæði fyrir þjónustustofnanir. Breyta þarf þessu deiliskipulagi, m.a. með því að lengja núverandi viðlegukant. Sú vinna er hafin hjá sveitarfélaginu.



MYND 3.1 Sá hluti deiliskipulags hafnarsvæðisins á Seyðisfirði sem þarf að breyta.

4 HELSTU UMHVERFISÁHRIF FRAMKVÆMDARINNAR

Við umfjöllun á þeim umhverfisáhrifum sem hljótast af framkvæmdinni skal litið til þeirra viðmiða sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 111/2021. Þeir þættir framkvæmdarinnar sem líklegir eru til að hafa áhrif á umhverfið er nýr viðlegukantur og landfylling fyrir aftan hann. Engin verndarsvæði eru innan framkvæmdasvæðisins, hvorki náttúruvernd, hverfisvernd né vatnsvernd. Hér verður fjallað um þá umhverfisþætti sem gætu orðið fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar, þ.e. gróður, fuglalíf, jarðminjar, hafstraumar, landslag og ásýnd, fornminjar og samfélag.

4.1 Gróður

Allt framkvæmdasvæðið er manngerð landfylling og manngerður grjótnargarður. Svæðið er allt raskað og engan náttúrulegan gróður eða vistgerðir er þar að finna. Örlítið er um gras í jaðri malarsvæða en að öðru leyti er svæðið gróðursnautt.



MYND 4.1 Mynd frá haustinu 2021 sem sýnir framkvæmdasvæðið.

4.1.1 Niðurstaða

Sökum þess að allt framkvæmdasvæðið er manngert og raskað svæði inni í þéttbýli þá metur framkvæmdaraðili áhrif á náttúrulegan gróður og vistgerðir engin.

4.2 Fuglalíf

Allt framkvæmdasvæðið er manngerð landfylling og manngerður grjótnargarður. Engin náttúruleg fjara er innan framkvæmdasvæðisins. Engin náttúruleg varpsvæði munu því raskast og ef einhverjir fuglar verpa á svæðinu í dag þá er það í manngerðu umhverfi sem verður áfram til staðar að framkvæmdum loknum.

Á sjónum má helst vænta æðarfugla og máfa. Búsvæði á sjónum skerðast ekki mikið þar sem nýr viðlegukantur fylgir núverandi grjótnargarði að miklum hluta og áfram verður skjólgott svæði í smábátahöfninni.

4.2.1 Niðurstaða

Sökum þess að allt framkvæmdasvæðið er manngert og raskað svæði inni í þéttbýli, og aðstæður á sjónum breytast lítið, þá metur framkvæmdaraðili áhrif á fuglalíf óveruleg.

4.3 Jarðminjar

Framkvæmdinni fylgir töluverð efnispörf en henni er svo til allri annað með efni sem mun falla til við gerð Fjarðarheiðarganga. Alls er talið að umframefni úr göngunum Seyðisfjarðarmegin verði á bilinu 360.000 – 420.000 m² [6], það mun auðveldlega anna efnispörf framkvæmdanna sem er um 149.000 m³. Það efni úr göngunum sem ekki nýtist í aðrar framkvæmdir verður haugsett norðan við gangamunnann á svæði sem er innan grannsvæðis vatnsverndar [6].

Efni úr núverandi grjótnargarði verður endurnýtt að fullu en það mun vanta um 2.000 m³ í nýju grjótvörnina, allt frá smágrýti upp í 3-4 tonna grjót. Ef slíkt efni fæst ekki við gerð Fjarðarheiðarganga verður það sótt í Skaganámu rétt innan við þéttbýlið. Efnið í þeirri námu er föst klöpp sem nýtur ekki verndar [7].

4.3.1 Niðurstaða

Þegar horft er til þess að í framkvæmdirnar verður notað umframefni úr Fjarðarheiðargöngum sem annars yrði haugsett á vatnsverndarsvæði, og að núverandi grjótvörn verður endurnýtt að fullu, þá er það mat framkvæmdaraðila að áhrif á jarðmyndanir verði óveruleg.

4.4 Hafstraumar

Nýr viðlegukantur er framhald af núverandi viðlegukanti Norrænu og mun fylgja grjótnargarði smábátahafnarinnar að mestu. Landfyllingin mun svo sveigja í átt að landi. Engin ný landfylling mun skaga út í sjó á þann hátt að það gæti haft teljandi áhrif á hafstrauma í botni fjarðarins.



MYND 4.2 Nýr viðlegukantur mun ekki skaga út í fjörðinn eða hefta sjávarstrauma við botn fjarðarins. Sjá einnig myndir 1.1 og 2.1.

4.4.1 Niðurstaða

Þar sem nýjar landfyllingar eru minniháttar og skaga ekkert út í sjóinn metur framkvæmdaraðili áhrif nýja viðlegukantsins á hafstrauma sem óveruleg.

4.5 Botndýralíf og lífríki sjávar

Alls fer um 1 ha af sjávarbotni fer undir nýja landfyllingu ef uppfylling innan núverandi smábátahöfn er talin með. Líkt og sést á mynd 4.2 hér að ofan er stærsti hluti nýja hafnarkantsins á og meðfram manngerðri grjótvörn. Þar hefur botninum þegar verið raskað að stórum hluta. Þar sem nýi hafnarbakkinn fer utar en núverandi grjótvörnargarður kemur hann inn á svæði þar sem stóra skriðan gekk fram í sjó í desember 2020. Húsbyggingar og ýmis mannvirki fóru út í sjó og liggja þar enn. Þegar horft er til alls jarðefnisins sem fór einnig út í sjó með skriðunni er mjög líklegt að sjávarbotninn á þessu svæði sé mjög raskaður og að þar sé mikið af rusli.

Múlapingi er ekki kunnugt um neinar sérstakar rannsóknir á botndýralífi innan Seyðisfjarðarhafnar, en utar í firðinum voru gerðar athuganir í júlí 2019 í tengslum við umhverfismat á laxeldi Fiskeldi Austfjarða. Tekin voru sýni á tveim fyrirhuguðum eldissvæðum og var niðurstaðan sú að tegundaauðgi botndýrasamfélaganna væri mikil en þó mjög mismunandi milli svæðanna tveggja. Allar tegundir sem fundust eru algengar á grunnsævi við Ísland og engin sjaldgæf tegund fannst né tegund með sérstakt verndunargildi. Svæðið þótti ekki sérstakt eða mikilvægt til verndunar, hvorki fyrir Austurland né Ísland [8]. Ekki er ástæða til að ætla að á framkvæmdasvæðinu leynist botndýralíf sem að kalli á verndun eða frekari rannsóknir.

Við gerð landfyllingarinnar má búast við gruggmyndun en ekki er búist við því að hún verði mikil né langvarandi. Efnið sem verður notað í landfyllinguna er hreint berg úr Fjarðarheiðargöngum og því enginn jarðvegur eða mold til að mynda grugg. Búist er við að gruggið verði bundið við ströndina og falli fljótt til botns. Um allt land er stöðugt verið að gera nýjar landfyllingar og hefur verið gert í áratugi, hvort sem það er í hafnargerð, vegagerð, nýtt byggingarland eða í öðrum tilgangi. Ekki er vitað til þess

að staðbundið og tímabundið grugg við framkvæmdir hafi haft neikvæð áhrif á lífríki út fyrir landfyllinguna sjálfa. Í vorleysingum ár hvert eru þröngir firðir eins og t.d. Eyjafjörður og Seyðisfjörður brúnir að lit þegar ár í vatnavöxtum bera gífurlegt magn jarðefna til sjávar á skömmum tíma. Einnig myndaðist mikið grugg í Seyðisfirði í desember 2020 þegar fjöldi skriða gekk í sjó fram. Ekkert bendir til að tímabundið grugg á afmörkuðu svæði hafi neikvæð áhrif til lengri tíma.



MYND 4.3 Grugg á framkvæmdasvæðinu í kjölfar skriða í desember 2020. Búist er við mun minna gruggi og mun minni útbreiðslu við framkvæmdirnar. Mynd: island.is

4.5.1 Niðurstaða

Þegar horft er til þess að ekki er búist við miklu gruggi í fyllingarefninu sem er hreint berg, innan við 1 ha af sjávarbotni fer undir landfyllingu, að sjávarbotni á svæðinu sé nú þegar mikið raskaður og að botndýralíf í Seyðisfirði sé algengt á grunnsævi við Ísland, þá er það mat framkvæmdaraðila að áhrif á botndýralíf og lífríki sjávar verði óveruleg.

4.6 Landslag og ásjúnd

Að framkvæmdum loknum mun viðlegukantur Norrænu ná mun lengra út, samsíða Hafnargötu og nýtt landsvæði mun myndast þar sem áður var smábátahöfn. Hafnarmannvirkin sjálf eru lágrest, skaga ekki út í fjörðinn og falla vel að núverandi höfn. Stærri viðlegukantur mun fjölga skipum sem hægt er að taka á móti á sama tíma og geta þá fleiri skip legið við bryggju í stað þess að varpa akkeri á firðinum. Eflaust er það matsatriði hvort það sé gott eða slæmt fyrir ásjúnd bæjarins. Það er þó tímabundin ásjúnd og í fullu samræmi við stefnu bæjarins að bæta aðstöðu til móttöku skemmtiferðaskipa.

Hvað ásjúnd og landslag varðar mun smábátahöfnin lítið breytast. Ný landfylling verður viðbót við eldri landfyllingu og mannvirki sem þar munu rísa í framtíðinni munu einfaldlega falla inn í og verða hluti af núverandi byggð.

4.6.1 Niðurstaða

Framkvæmdirnar falla vel að núverandi hafnarmannvirkjum og eru hvorki áberandi né breyting á núverandi landslagi. Framkvæmdaraðili metur því áhrif á landslag og ásjúnd óveruleg.

4.7 Fornminjar

Allt framkvæmdasvæðið er á manngerðri landfyllingu, grjótnargarði eða sjó. Landfyllingin er yngri en 100 ára og engar fornminjar þekktar á svæðinu. Engin hús eða byggingar eru á framkvæmdasvæðinu. Fornleifaskráning var gerð á Seyðisfirði fyrir aðalskipulag Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 [8].

Múlapingi er ekki kunnugt um fornminjar á hafsbotni innan framkvæmdasvæðisins. Stærsti hluti nýja hafnarbakkans er á og við manngerðan grjótnargarð og er framhald af stærri landfyllingu. Hafnarbakkinn er því nokkuð frá gömlu strandlínunni á svæði sem er þegar mikið raskað. Utar, þar sem hafnarbakkinn sveigir í átt að landi, gengu skriður fram í sjó og tóku með sér heilu húsin, botninn þar er því töluvert raskaður og þakinn skriðuefni.

4.7.1 Niðurstaða

Engar þekktar fornminjar eru á svæðinu sem er allt manngerð landfylling og yngri en 100 ára. Framkvæmdaraðili metur því áhrif á fornleifar engin.

4.8 Samfélag

Samfélagið á Seyðisfirði hefur mátt þola ýmis áföll undanfarin ár en þéttbýlið er eitt það lokaðasta á Íslandi hvað samgöngur varðar, en landleiðin er yfir Fjarðarheiði sem getur verið töluverður farartálmi. Samfélagið treystir því mikið á ferðamenn sem koma sjóleiðina, einkum með Norrænu, en ferðaþjónusta er orðin ein af grunnstoðum atvinnulífs á Seyðisfirði. Fjöldi skemmtiferðaskipa sem heimsækir Seyðisfjörð hefur aukist mikið undanfarin ár en núverandi aðstaða annar ekki þeirri eftirspurn sem er til staðar né uppfyllir þær gæðakröfur sem almennt eru gerðar.



MYND 4.4 Núverandi viðlegukantur er of líttill fyrir stærstu skipin sem heimsækja Seyðisfjörð. Mynd: Seyðisfjarðarhöfn.



MYND 4.5 Tvö skemmtiferðaskip ásamt Norrænu. Með nýja viðlegukantinum gætu bæði skemmtiferðaskipin lagst upp að bryggju. Mynd: Seyðisfjarðarhöfn.

Með því að lengja viðlegukantinn stórbatnar aðstaða á Seyðisfirði til að taka á móti skemmtiferðaskipum og farþegum þeirra. Tekjur hafnarinnar munu jafnframt aukast með auknum hafnargjöldum þegar fleiri skip leggjast upp að bryggju.

Ný smábátahöfn stórbætir aðstöðu fyrir strandveiðibáta og aðra smærri báta og hægt verður að taka á móti fleiri bátum.

Ekki er talið að framkvæmdin hafi teljandi áhrif á hljóðvist á Seyðisfirði. Líkt og sést á mynd 4.5 munu skipin einungis hliðrast til um nokkra metra og breytingin því afar lítil. Byggðin er auk þess að færast frá þessu svæði eftir skriðurnar í desember 2020. Það að skemmtiferðaskip leggist við bryggju mun jafnframt bjóða upp á þann möguleika að landtengja þau við rafmagn í framtíðinni sem mun hafa talsvert jákvæð áhrif á bæði hljóðvist og loftgæði á Seyðisfirði.

4.8.1 Niðurstaða

Nýr viðlegukantur og smábátahöfn stórbætir aðstöðu fyrir skemmtiferðaskip og strandveiðibáta og metur framkvæmdaraðili að það muni hafa töluvert jákvæð áhrif á samfélagið.

5 LOKAORÐ

Hafnarframkvæmdir af þessu tagi falla í flokk B í lögum nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum. Í 2. viðauka laganna eru tilgreind viðmið sem litið skal til við mat á framkvæmdum. Þær viðmiðanir eru þrjár; eðli framkvæmdar, staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar. Hér verða teknar saman þær niðurstöður sem hafa fengist í köflunum á undan.

1. Eðli framkvæmdar. Framkvæmdin sem um ræðir lenging á viðlegukanti fyrir skemmtiferðaskip og breyting á núverandi smábátahöfn. Efnispörf er um 149.000 m³ en efni í framkvæmdina verður að nánast öllu leyti umframefni úr Fjarðarheiðargöngum.
2. Staðsetning framkvæmdar. Framkvæmdasvæðið á hafnarsvæði inni í þéttbýli. Framkvæmdarsvæðið er utan allra verndarsvæða en er á ofanflóðahættusvæðum A-C.
3. Eiginleikar hugsanlegra áhrifa. Framkvæmdaraðili metur áhrif á alla helstu umhverfisþætti engin til óveruleg. Engar náttúrulegar vistgerðir eða varpsvæði fugla er að finna á svæðinu sem er allt manngert. Áhrif á fornleifar eru metin engin. Áhrif á samfélag eru metin töluvert jákvæð.

6 HEIMILDASKRÁ

- [1] Sigríður Sif Gylfadóttir, Jón Kristinn Helgason, Tómas Jóhannesson og Árni Hjartarson, „Ofanflóðahættumat fyrir Seyðisfjörð - Endurskoðun á hættumati fyrir byggðina sunnan Fjarðarár og svæði við Vestdalseyri: Greinargerð með hættumatskortu,“ Veðurstofa Íslands, Reykjavík, 2019.
- [2] Veðurstofa Íslands, „Hættumat - Seyðisfjörður,“ 2021. [Á neti]. Available: <https://www.vedur.is/ofanflod/haettumat/seydisfjordur/>. [Skoðað 6 desember 2022].
- [3] Veðurstofa Íslands, „Stóra skriðan á Seyðisfirði sú stærsta sem fallið hefur á þéttbýli á Íslandi,“ 22 desember 2022. [Á neti]. Available: <https://www.vedur.is/um-vi/frettir/stora-skridan-a-seydisfirði-su-staersta-sem-fallid-hefur-i-byggd-a-islandi>. [Skoðað 6 desember 2022].
- [4] Sigríður Sif Gylfadóttir, Tómas Jóhannesson, Jón Kristinn Helgason og Magni Hreinn Jónsson, „Endurskoðað hættumat fyrir svæðið frá Búðará að Skuldarlæk á Seyðisfirði,“ Veðurstofa Íslands, Reykjavík, 2022.
- [5] ArkAust og Verkfræðistofa Austurlands, „Seyðisfjörður: Aðalskipulag 2010 - 2030, greinargerð,“ Seyðisfjarðarkaupstaður, Seyðisfjörður, 2010.
- [6] VSÓ ráðgjöf, „Fjarðarheiðargöng,“ Vegagerðin, Garðabær, 2022.
- [7] VSÓ ráðgjöf, „Stækkun á Skaganámu og losun umframefnis í hafið, Seyðisfirði,“ Múlaþing, Egilsstaðir, 2022.
- [8] Bjarki Borgþórsson og Ólafur Örn Pétursson, Fornleifaskráning Seyðisfjarðar: Unnin vegna aðalskipulags Seyðisfjarðarkaupstaðar 2009 - 2029, Seyðisfjörður: Skálanessetur, 2009.